

A 1863/holdbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Þingmannatillaga um lög um vistmorð

Tillaga

Við, undirrituð, leggjum til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún stuðli að því að vistmorð (stórfelld umhverfisspjöll) verði viðurkennt sem brot á alþjóðalögum í Rómarsamþykktinni, sem megi lögsækja fyrir Alþjóðlega sakamáladómstólnum í Haag.

Bakgrunnsupplýsingar

Vistkerfin sem við erum háð vegna velferðar og lífsafkomu eyðast nú á kerfisbundinn hátt á ótrúlegum hraða. Ofveiði og botnvörpuveiðar eyðileggja vistkerfi hafsins. Skógar eru ruddir til að skapa rými fyrir plantekrur til páлмаolíuvinnslu og búfjárræktar. Iðnaðarlandbúnaður krefst notkunar eiturefna og skapar einhæf vistkerfi. Námuvinnsla og olíu- og gasvinnsla menga vatnsból og viðkvæm náttúrusvæði.

Þetta eru bara einstök dæmi um öll þau tilfelli sem finna má um umfangsmikla umhverfisfjandsamlega starfsemi sem á sér stað víða um heim, sem er að baki loftslagsbreytinga og rýrir lífsumhverfi og vistkerfi. Þrátt fyrir að neikvæðar afleiðingar hafi verið þekktar áratugum saman, halda ríki, fyrirtæki og fjármálastofnanir áfram að nýta og fjárfesta í fyrirtækjum sem skaða jörðina og mannkynið. Til skamms tíma næst fjárhagslegur ávinningur en til lengri tíma litið er grafið undan velferð og mannréttindum og hættan á átökum og þvinguðum fólksflutningum eykst.

Að lokum ógnar þetta friði og öryggi sem svo aftur réttlætir að alþjóðleg lög um vistmorð verði skilgreind sem fimmta viðbótin í Rómarsamþykktinni sem er það lagaumhverfi sem varðar brot á friði í lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins í Haag. Alþjóðleg löggjöf um vistmorð gerir stórfelld umhverfisspjöll refsiverð, setur sameiginleg ytri mörk og býður upp á alþjóðlegar aðgerðir sem kallað er eftir gegn alþjóðlegu vandamáli.

Viðurlög í formi sekta eða annarra fjárhagslegra afleiðinga hafa ekki reynst koma í veg fyrir stórfellda rányrkju á náttúrunni.



Með alþjóðlegri löggjöf um vistmorð mætti gera þá sem taka ákvarðanir á sviði stjórn mála og viðskipta persónulega ábyrga og lögsækja fyrir þá umhverfisglæpi sem ákvarðanir þeirra eða athafnir hafa valdið. Nákvæmlega á sama hátt og nú má sækja lögaðila til saka fyrir brot á mannréttindum. Þegar það sem er rekstrarlega hagstætt en skaðar umhverfið og samfélagið verður til þess að þeir sem eru ábyrgir eiga á hættu að verða sóttir til saka, hvetur það stjórnendur til að hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Ekki síst má gera ráð fyrir að fjárfestingar og áherslur leiti á sjálfbærari brautir. Skýrar leiðbeiningar eru auk þess það sem fyrirtækin sjálf kalla eftir. Í stóru alþjóðlegu ákalli krefjast meira en 560 fyrirtæki, m.a. Microsoft, IKEA og Walmart, öflugra og skjótra viðbragða við vistkreppunni sem heimurinn stendur frammi fyrir. Ákallið kom í september 2020 þegar samningaviðræður Sameinuðu þjóðanna varðandi sáttmálann um líffræðilega fjölbreytni hófust. Fyrirtækin benda á að heilbrigð samfélög, öflug hagkerfi og blómstrandi viðskiptalíf eigi allt sitt undir náttúrunni.

Alþjóðleg löggjöf um vistmorð er sérlega mikilvæg fyrir fátæk ríki sem standa höllum fæti félags- og efnahagslega þar sem veik umhverfislöggjöf er oft fylgifiskur. Íbúar þessara landa eiga minnstan þátt í vandanum, en verða harðast úti vegna neikvæðra afleiðinga hnattvæðingar, svo sem arðráns og mengunar. Enn fremur eru heilbrigð vistkerfi grundvallarforsenda allrar þróunar og án þeirra náum við heldur ekki alþjóðlegu sjálfbærnimarkmiðunum. Löggjöf hefur úrslitabýðingu í þessa átt. Ef stórfelld umhverfisspjöll verða gerð refsiverð mun það hafa mikilvæg áhrif á mat samfélagsins, en það skiptir miklu máli þegar vinna þarf að breyttum hugsunarhætti í umskiptum okkar í átt að nýjum lífsháttum á jörðinni.

Það liggur á að finna öflug verkfæri sem geta snúið þeirri hættulegu þróun sem við nú sjáum í heiminum. Alþjóðleg löggjöf um vistmorð hefur alla burði til að vera slíkt verkfæri þar sem Rómarsamþykktin er eitt af öflugustu lagaskjólum heims. Á skömmum tíma hefur áhuginn aukist verulega. Á fundi aðildarríkja Alþjóðlega sakamáladómstólsins í nóvember 2019 töldu Vanúatú og Maldíveyjar að taka þyrfti vistmorð sem alþjóðlegan glæp til alvarlegrar umræðu. Í sama mánuði lýsti Frans páfi yfir stuðningi sínum við að gera vistmorð að alþjóðlegum glæp, en það gerði Heimsráð kirkjunnar einnig í júní 2019. Í Svíþjóð óskuðu Alþýðusambandið og Stofnun Olofs Palme í mars 2020 eftir að vistmorð teldist glæpur í blaðagrein. Í júlí 2020 lýsti Macron Frakklandsforseti yfir stuðningi við tillöguna og skömmu síðar náði nýja ríkisstjórnin í Belgíu samkomulagi um að vinna að því að litið verði á vistmorð sem glæp, bæði innanlands og á alþjóðavísu. Í júlí 2020 var einnig samið opið bréf þar sem Greta Thunberg ásamt ungum loftslagsaðgerðasinum frá Þýskalandi og Belgíu kröfðust þess að aðildarríki ESB ættu að vinna að alþjóðlegri löggjöf um vistmorð.

Á síðasta áratug síðustu aldar þegar Rómarsamþykktin var upphaflega samin, var vistmorð með, en var tekið út úr samþykktinni á síðustu stundu. Umfangsmikil, langvarandi og alvarleg umhverfisspjöll eru samkvæmt Rómarsamþykktinni glæpsamleg á stríðstímum, en en teljast ekki afbrot á friðartímum. Það er ósanngjarnt og þarfnast úrbóta. Norðurlandaráð ætti því að stuðla að því að vistmorð



(stórfelld umhverfisspjöll) verði viðurkennt sem alþjóðlegur glæpur í Rómarsamþykktinni, sem unnt sé að ákæra fyrir Alþjóðlega sakamáladómstólnum í Haag.

Norðurlöndum, 25. janúar 2021

Janine Alm Ericson (MP)
Rebecka Le Moine (MP)

Simon Holmström (HI)

Fyrirvari

Stórfelld umhverfisspjöll eru alvarlegt vandamál sem verður að leysa en spurningin um hvort stuðla ætti að því að stórfelld umhverfisspjöll, svokallað vistmorð, verði viðurkennd sem alþjóðlegur glæpur í Rómarsamþykktinni er flókin. Í henni felst vandamál varðandi afmörkun og önnur vandamál sem tengjast ýmsum sviðum. Auk sjálfrar spurningarinnar um vistmorð þarf einnig að huga að því hvort hætta sé á að það grafi undan Rómarsamþykktinni og marktækni hennar að bæta við hana nýjum tegundum glæpa. Því er erfitt að komast að ákvörðun á þeim tíma og með þeim úrræðum sem norræna sjálfbærnefndin hefur. Fjallað er um málið á vettvangi ESB. Þar gefst betur tækifæri á að setja sig inn í það og grafast fyrir um ólíkar hliðar þess. Fyrir liggja reglur um að Norðurlandaráð skuli einblína á mál sem hafa sérstakt vægi fyrir Norðurlandaráð og sem hafa í för með sér norrænt notagildi.

Með hliðsjón af þessu telur Norrænt frelsi að nefndin eigi ekki að koma að tillögunni. Þar af leiðandi er heldur ekki þörf á nefndaráliti.

Norðurlöndum 7. september 2021

Staffan Eklöf (NF)

Vilhelm Junnila (NF)